

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2019  
Tilvísun: 2019110040

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis dags. 20. nóv. 2019 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga (370. mál). Hér á eftir fylgja athugasemdir Fjármálaeftirlitsins vegna lagafrumvarpsins.


Um 28. gr.: Í 28. gr. frumvarpsins er kveðið um önnur störf sem stjórnarmenn verðbréfamiðstöðvar geta tekið að sér. Þar segir m.a. að „[s]tjórnarmenn verðbréfamiðstöðvar mega einungis sinna þeim lögmannsstörfum fyrir aðra verðbréfamiðstöð sem ekki geta valdið hættu á hagsmunaárekstrum á milli félaganna tveggja eða á fjármálamarkaði“. Fyrirmynd 28. gr. frumvarpsins er að finna í 52. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, eins og vísað er til í athugasemdum við 27.-29. gr. frumvarpsins. Telur Fjármálaeftirlitið ólíklegt að það geti samrýmst setu í stjórn verðbréfamiðstöðvar að sinna lögmannsstörfum fyrir aðra verðbréfamiðstöð. Að þessu leyti sé staðan ekki að öllu sú sama og í tilviki fjármálafyrirtækja sem eru fjölbreyttari fyrirtæki með mismunandi starfsleyfi og -heimildir, en verðbréfamiðstöðvar sinni að mestu leyti sömu verkefnum. Eðlilegra sé því að taka alveg fyrir það í frumvarpinu að stjórnarmaður í verðbréfamiðstöð sinni lögmannsstörfum fyrir aðra verðbréfamiðstöð.

Um 29. gr.: Þar sem stjórnvaldssektir eru almennt skilgreind sem stjórnarsýsluviðurlög þá telur Fjármálaeftirlitið heppilegra að bæta orðinu „önnur“ inn í fyrirsögn 29. gr. frumvarpsins sem yrði þá „Stjórnvaldssektir og önnur stjórnarsýsluviðurlög“.

3. mgr. 29. gr.: Í 3. mgr. 29. gr. kemur fram að „Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beina fyrir mælum til hvers þess sem ber ábyrgð á broti um að hætta framferðinu og endurtaka það ekki.“ Þetta orðalag samræmist ekki ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi þar sem kveðið er á um að Fjármálaeftirlitinu sé skyld að gera úrbótakröfu komi í ljós að lög eða reglur hafi verið brotnar í starfsemi eftirlitsskylds aðila. Leggur stofnunin því til að kveðið sé á um skyldu í þessu sambandi í 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Anna Mjöll Karlsdóttir

  
Rúnar Örn Olsen